

**Tillögur lagðar fyrir aðalfund Símans hf.
10. mars 2016**

- 1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins sl. starfsár**
- 2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu**

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að ársreikningur fyrir árið 2015 verði staðfestur.

Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

3. Ákvörðun um greiðslu arðs

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að greiddur verði út arður til hluthafa árið 2015 sem nemur kr. 0,06 á hlut. Þannig nemi heildararðgreiðsla kr. 575 milljónir sem felur í sér 20% af hagnaði ársins 2015. Arðsréttindadagur verði 14. mars 2016 þannig að hluthafar tilgreindir í hlutaskrá félagsins í lok arðsréttindadags eiga tilkall til arðs vegna rekstrarársins 2015. Arðleysisdagur, það er sá dagur sem viðskipti hefjast með bréf félagsins án réttar til arðs vegna reikningsársins 2015, verði 11. mars 2016, næsta viðskiptadag eftir aðalfund. Útborgunardagur verði 7. apríl 2016. Tillaga um arðgreiðslu er í samræmi við arðgreiðslustefnu félagsins.

4. Kosning stjórnar félagsins

5. Kosning endurskoðunarstofu

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að KPMG ehf. verði endurskoðunarfyrtæki félagsins og að Alexander Eðvardsson og Árni Claessen muni annast endurskoðunina f.h. KPMG ehf.

6. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna félagsins fyrir störf þeirra

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að stjórnar og nefndarlaun verði óbreytt:

Laun stjórnarformanns verði 650.000 kr. á mánuði, þóknun varaformanns 487.500 kr. og laun annarra stjórnarmanna 325.000 kr. á mánuði. Þóknun fyrir setu í undirnefndum skal vera sem hér segir:

Endurskoðunarnefnd:

Formaður 180.000 kr. á mánuði

Aðrir nefndarmenn 75.000 kr. á mánuði

Starfskjaranefnd:

Formaður	100.000 kr. á mánuði
Aðrir nefndarmenn	50.000 kr. á mánuði

7. Samþykki starfskjarastefnu félagsins

Tillaga stjórnar Símans hf. að starfskjarastefnu liggur frammi á skrifstofu félagsins og er aðgengileg á vefsíðu þess, www.siminn.is/siminn/fjarfestar/stjornarhaettir/hluthafafundir/

Lögð er til viðbót við núgildandi starfskjarastefnu til þess að greina frá heimild stjórnar til þess að samþykkja kaupréttaráætlun fyrir starfsmenn, sbr. kaupréttaráætlun sem samþykkt var á hluthafafundi 8. september 2015.

8. Tillaga um að heimila félaginu kaup á eigin hlutabréfum skv. 55. gr. Hlutafélagalaga og framkvæmd endurkaupaáætlunar

Stjórn Símans hf. leggur til við aðalfund félagsins að eftirfarandi tillaga um kaup á eigin hlutum verði samþykkt og komi í stað núverandi heimildar stjórnar félagsins til að kaupa eigin hluti sem veitt var á aðalfundi félagsins þann 16. apríl 2016.

Aðalfundur Símans hf. þann 10. mars 2016 heimilar stjórn félagsins að kaupa í eitt skipti eða oftár á næstu 18 mánuðum hlutabréf í félaginu þannig að það ásamt dótturfélögum þess eigi, að öðrum lagaskilyrðum uppfylltum, allt að 10% af hlutafé þess, þ.e. að hámarki kr. 965.000.000 að nafnverði, í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í félaginu og/eða til að setja upp formlega endurkaupaáætlun. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera á hærra verði en nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Slík kaup eru þó heimil ef þau eru gerð af viðskiptavaka skv. 116. gr. laga um verðbréfiðskipti eða á grundvelli 1. tölul. 3. mgr. 115. gr. og 2. mgr. 119. gr. laga um verðbréfiðskipti og reglugerða sem settar eru á grundvelli 118. og 131. gr. sömu laga. Heimild þessi byggir á ákvæðum 55. gr. laga nr. 2/1995.

Verði tillaga stjórnar samþykkt mun heimildarinnar vera getið í sérstökum viðauka við samþykktir félagsins og skal viðaukinn vera hluti af samþykktunum þann tíma sem heimildin er í gildi, sbr. grein 8.1 samþykkt félagsins.

Samþykki aðalfundur að veita stjórn félagsins heimild til kaupa á eigin hlutum, leggur stjórn félagsins fram eftirfarandi tillögu til afgreiðslu á fundinum:

„Með vísan til heimildar stjórnar Símans hf. til kaupa á hlutum í félaginu samkvæmt samþykkt aðalfundar 10. mars 2016 veitir aðalfundur Símans hf. 10. mars 2016 stjórn félagsins heimild til að kaupa hluti í félaginu með framkvæmd endurkaupaáætlunar. Tilgangur endurkaupaáætlunarinnar er að lækka hlutafé félagsins.

Endurkaupaáætlunin verður framkvæmd af óháðum utanaðkomandi aðila, verðbréfiðskiptakerfi eða lánastofnun, sem tekur þar með allar viðskiptaákvæðanir er varða kaup á hlutum og tímasetningu kaupanna óháð félaginu. Fjöldi hluta sem keyptur skal samkvæmt endurkaupaáætluninni verður að hámarki 243.000.000

hlutir, en það jafngildir 2,52% af útgefnu hlutafé félagsins, þó þannig að fjárhæð endurkaupanna verði aldrei meiri en 862,5 milljónir króna. Kaupin verða framkvæmd í áföngum með þeim skilyrðum að kaup hvers dags mega að hámarki vera 25% af meðaltali daglegra viðskipta með hlutabréf félagsins í Kauphöll Íslands í mánuðinum á undan þeim mánuði þegar áætlunin er birt opinberlega. Endurgjald fyrir keypta hluti skal ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kautilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti í samræmi við endurkaupaáætlunina skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir.

Heimild þessi skal gilda fram að aðalfundi félagsins 2017, en þó aldrei lengur en til 10. mars 2017."

9. Önnur mál